

## Sjálfbærniverkefni - Norðurland

8. jan. 2016

Sjónsýsluhús Norðurþings, Húsavík

### Fundargerð

#### Mætt voru:

Jóna Bjarnadóttir, Steinn Ágúst Steinsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Óskar Pétursson, Hjalti Jóhannesson. Dagbjört Jónsdóttir, Þórarinn Bjarnason og Örlygur Hnefill Jónsson boðuðu forföll. Óli Halldórsson, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Helena Eydís Ingólfssdóttir (kom kl. 12:00) frá Þekkingarneti Þingeyinga. Óli Halldórsson ritaði fundargerð.

## 1. Dagskrá fundarins

GBJ og JB fóru yfir vinnu verkefnisins frá síðasta fundi stýrihóps.

Rætt hefur verið við Landsnet og PCC um þátttöku í verkefninu. Landsnet hafa samþykkt að vera með í verkefninu og hafa tilnefnt þátttakanda í stýrihóp (Þórarinn Bjarnason). Kristján Þór hefur kynnt verkefnið fyrir PCC og hefur það fengið jákvæðar undirtektir.

*Samþykkt að...*

- ... hafa þegar samband við PCC með formlegum hætti og bjóða þeim aðild að verkefninu áður en samráðsvinnan hefst á næstu mánuðum. Þá falið að hafa samband við tengilið PCC fyrir næsta fund.

## 2. Vísar - yfirferð

Farið yfir sjálfbærnivísa m.t.t. framkominna athugasemda og ábendinga, m.a. frá Jóni Skafta Gestssyni hagfræðingi.

Að neðan niðurstöður umræðna um tiltekna vísa. Það sem ekki er tilgreint er gert ráð fyrir að standi óbreytt eins og það er í framlögðum gögnum.

- Vinnumarkaður:
  - Miðað verði við aldur á vinnumarkaði skv. því sem tíðkast hjá Hagstofnunni.
  - Bæði verði birt hlutfall og fjöldi á vinnumarkaði.
- Fjöldi ferðamanna
  - Ath. hvort ástæða er til að hafa inni. Skoða hugsanlega frekar valda þætti í afþreyingu líka (eða frekar).
  - Dæmi: Fjöldi gesta í jarðböðum Mýv., fjöldi Hvalaskoðunargesta.
- Fjöldi íbúa í fjarlægð x frá grænusvæði að stærð  $y^2$  - hent út.
- Fjöldi fyrirtækja
  - Hafa inni og undir vinnumarkaði í sama vísi og tilgreindir stærðarflokka fyrirtækja.
  - Bæta inn spurningu um fjölda kynja í starfsmannahópi fyrirtækja. Gert með því að bæta þessari spurningu inn í atvinnumálakönnun AP.
- Þjóðarhagur
  - Halda vísi inni – vinna út frá landsframleiðslu. Þarfnast greiningar.
- Sveitarfélög
  - Vísir um fjölda íbúða/fasteigna fari út og breytist í að mæla þróun fasteignamats
- Hagur heimila

- Hafa inni eignir, skuldir íbúa eftir sveitarfélögum. Ath. m. tryggingagreiðslur og atvinnuleysisbætur
- Heilsa og félagsleg staða
  - Vísir um fjölda sjálfsvíga fari út (of lítil fjöldi/úrtak til að gagn sé að)
  - Lýðheilsuskimun komi þarna inn (byggt á rannsókn Landlæknis „Heilsa og líðan“. Hafa samband við Landlæknisembættið varðandi þetta [Stefán Hrafn Jónsson], m.a. varðandi mögulega stækkun á úrtaki fyrir miðsvæði verkefnisins (ef þarf).
- Fjöldi vinnustunda í sjálfböðastörfum
  - Þessi fari út. Ómögulegt að ná áreiðanlegum gögnum.
- Fjöldi einstaklinga og fjölskylda undir
- Fjöldi afbrota
  - Heildar fjöldi afbrot verði mæld, en ekki í tilteknum flokkum
- Samgöngur
  - Inni verði:
    - Umferðarþungi á þjóðvegum
    - Skipaumferð
    - Umferðarþungi við Þeistareyki, Kröflu o.fl.
- Verðmæti hafnarmannvirkja fari út
- Fjöldi kaupsamninga fari út
- Fjöldi jarðskjálfta fari út
- Gæði vatns í vatnsbólum/veitum
- Magn vatns í vatnsbóli Húsavík + vatnsnotkun fyrirtækja – breytist: Haft samráð við vatnsveitur, hugsanlega fært saman í einn vísir
- Jarðhitanýting
  - Þessum þætti verði skipt upp, þ.e. (a) verði sér og (b,) verði skoðaður og settur annars staðar
  - (c,d) fari út
- Orkuframleiðsla og orkunotkun á svæði (e) fari út

Samþykkt að ...

- verkefnastjóri (ÞÞ) yfirfari vísa m.t.t. ofangreindra breytinga á vísa,
- verkefnastjóri (ÞÞ) lagfæri flokkun vísa. Sameinað/fært milli flokka eftir þörfum þar sem í einhverjum tilvikum skarast efni vísa.
- auk ofangreindra vísa verði reiknað með því að við bætist vísar sem sérstaklega eru miðaðir við framleiðslu PCC (t.a.m. lífríki sjávar),
- leitað verði eftir tillögu frá RAMÝ um vísa sem sérstaklega snúa að Mývatni.

### 3. Samráðsáætlun

Lögð fram drög að samráðsáætlun og samráðsvinna rædd.

Samþykkt að ...

- Gera skýran greinarmun á samráði (a) faglegt vs. (b) hagsmunatengt
- „Faglegt“ samráð
  - Setja niður forsendur og markmið samráðsins og kynna aðilum sem koma til samráðs hvað á að koma út úr því.
  - Áhersla verði á faglega rýni vísa – og á þessu stigi leitað fyrst og fremst til fagaðila (ekki hagsmunaaðila).
  - Unnið verði með einn hóp sem komi saman á einn vinnufund (í stað 3ja hópa á 3 staka fundi).
  - Stefnt verði að því að verkefnisstjóri (ÞÞ), með samþykki stýrihóps, velji fagaðila til samráðsfundarins og hafi ekki fleiri aðila en þörf er á til að dekkja hvert fagsvið.

- *Hagsmunatengt samráð*
    - *Stefnt að tveimur opnum vinnufundum fyrir almenning og hagsmunaaðila (á vinnutíma og utan vinnutíma).*
    - *Stefnt að því að bjóða upp á að senda álit á vísun rafrænt inn.*
  - *Samráðsfundum verði lokið fyrir páska!*
- 

## 4. Önnur mál

- Samþykkt að stofna Dropbox fyrir stýrihóp
- Rætt um heiti á verkefnið. Stefnt að því að setja það mál á dagskrá næsta fundar.

**Fundi slitið kl. 14:00**

